

Ágætu gestir

Ég er þakklátur fyrir að fá að standa hér í dag og óska ykkur öllum sem að þessu verkefni koma innilega til hamingju. Það eru einmitt svona viðburðir sem gera starf rektors skemmtilegt, tækifæri til þess að samgleðjast með samstarfsfólki sínu. Við höfum heyrt hér á undan sagt stuttlega frá bæði aðdraganda kaupanna á rafeindasmásjóni og svo möguleikunum sem tækið býður upp á. Mig langar aðeins að staldra við þýðingu tækjakaupanna fyrir Háskóla Íslands og samstarfsaðila skólans, t.d. Landspítalans, Keldna og Matís ohf.

Styrkurinn úr Innviðasjóði er viðurkenning á hinu mikla vísindastarfi umsækjendahópsins, ekki hvað síst ef haft er í huga að styrkurinn kemur strax í kjölfarið á frábærum styrk sem Lífvísindasetrið landaði og gerði kaupun á Confocal-smásjóni möguleg og samhlið styrk til kaupa á frumusortir fyrir Lífvísindasetur en samanlagt hljóðar styrkur Innviðsjóðs til þessara þriggja tækjakaupa upp á tæpar 100 m. kr. Sú upphæð nemur tæpum helmingi þeirrar fjárhæðar sem Innviðsjóður úthlutaði 2013 og 2014. Þetta er mikilvæg viðurkenning á því mikla og markvissa samstarfi sem lífvísindin hafa myndað mér sér hér í Lífvísindasetri og til fyrirmyndar fyrir framtíðaruppbyggingu innviða, ekki bara innan Háskóla Íslands, heldur í íslensku vísindasamfélagi.

Til þess að hlúa að rannsóknum og uppbyggingu rannsóknahópa þurfum við aðstöðu, mannafla og fjármuni og Háskóli Íslands þarf því að setja sér stefnu um markvissa uppbyggingu innviða. Fjárfesting í innviðum og hvatar til samstarfs skila sér margfalt þegar fram líða stundir og það er og verður hlutverk okkar allra á næstu misserum að sannfæra fjárveitingavaldið um mikilvægi menntunar og rannsókna fyrir framþróun samfélagsins.

Við gleðjumst nú öll yfir frábæru gengi landsliða okkar í knattspyrnu, bæði kvenna og karla. Sá árangur er hins vegar ekki dottinn af himnum ofan heldur er hann afrakstur af markvissri uppbyggingu innviða í greininni sem hófst með byggingu sparkvalla við grunnskóla landsins og yfirbyggðra knattspyrnuvalla víðsvegar um landið. Það gjörbreytti aðstöðu til iðkunar knattspyrnu sem nú skilar sér af fullum krafti. Auðvitað gilda sömu lögmál í vísindum – þó ég gangi ekki lengra í samlíkingu vísinda og fótbolta – og til þess að tryggja framþróun vísindanna hér á landi þurfum við að hefja markvissa uppbyggingu innviða. Takist það er framtíðin björt.

Innilega til hamingju!